



Ökunám og vélfræði

Árgangur

8. 9. og 10. bekkur.

Markmið

Að nemendur kynnist umferðarlögum/reglum og hagnýtum atriðum er varða undirstöðuatriði vélfræði fólksbílsins.

Inntak náms

Umferðarlögin, umferðarmerkin, flokkar þeirra, skilgreiningar og útlit. Gerð og búnaður ökutækja. Kannanir á umferðarmenningu hverfisins. Hraði og umferð. Viðhorf til umferðar, umferðarslys og öryggisbúnaður. Óvarðir vegfarendur. Einkabíllinn, rekstur og viðhald. Í vélfræðihlutanum er m.a. skoðað hvernig vélin í bílnum virkar, hvernig við getum borið teikn á hvort hlutir/kerfishlutar séu slitnir eða úr sér gengnir. Einnig verður farið yfir, á einfaldan hátt hvernig kerfi fólksbílsins virka og vinna saman. Umfjöllun um bílasögu Íslendinga verður eftir áramót.

Námsgögn

Ljósritað efni frá kennara auk efnis á vef Umferðarstofu og Vegagerðar ríkisins. Ýmis gögn eins og myndbönd, tilraunahefti, glærur og veggspjöld.

Kennsluskipan

Ökunám og vélfræði er kennt tvo tíma á viku í eðlisfræðistofu skólans. Kennari leggur inn einstaka námsþætti, nemendur ræða hugtök og aðstæður sem koma fyrir, áhersla er á að útvíkka skilning nemenda á umferð, lögum og reglum. Einnig verður ýmiskonar vinna með viðhorf s.s. til hraðaakstur og umferðarslysa jafnt og þétt. Nemendur fylgjast að í umræðum og skila vettvangsathugunum viku eftir að þær eru framkvæmdar. Unnið er með verklegar athuganir þar sem það á við (í vélfræðihlutanum), bæði sem sýnitilraunir með umræðum sem og á þann veg að nemendur vinna sjálfir að ákv. þrautarlausnum. Unnið verður með valin þemaverkefni tengd akstri og umferð yfir námstíma vetrarins.

Námsmat

Námsmat byggist á símati þar sem fylgst er með vinnu nemenda allan veturinn. Kannanir verða stöku sinnum sem og verkefni. Þátttaka og virkni nemenda í tímum er metin ásamt verkefnabók þar sem tvö þemu, umferðar og vélfræðitengt vegur 50%. Úrvinnsla vettvangskanna og kynningar á þemaverkefnum vegur 25% í matinu. Einkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Einkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.